

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Hæfi faggiltra skoðunarstofa og vottunarstofa sem framkvæma skoðanir á gæðastjórnunarkerfum fagaðila.

### 1 Markmið og umfang

Leiðbeiningunni er ætlað að tryggja að skoðunarstofur og vottunarstofur séu hæfar til að framkvæma skoðanir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara sem krafist er skv. 5. mgr. 17. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 2 Lýsing

#### 2.1 Almennt

Í lögum um mannvirki er gerð krafa um að þær skoðunarstofur og vottunarstofur sem framkvæmi virkniskoðanir á gæðastjórnunarkerfum f.h. HMS séu faggildar. Faggilding er veitt af Hugverkastofu sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um faggildingu nr. 24/2006.

#### 2.2 Tilkynning til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Óskað er eftir að faggildar skoðunarstofur og vottunarstofur sem annast skoðanir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara, tilkynni HMS að þær hafi hlotið faggildingu og upplýsi um hæfi úttektaarmanna gæðastjórnunarkerfa og leggi fram gögn því til staðfestingar.

HMS birtir á heimasíðu sinni lista yfir þær skoðunarstofur og vottunarstofur sem annast framangreindar skoðanir og hafa tilkynnt HMS um faggildingu og hæfi úttektaarmanna sinna. Missi skoðunarstofa eða vottunarstofa faggildingu sína er óskað eftir því að HMS verði upplýst um það eins fljótt og auðið er.

#### 2.3 Leiðbeiningar um verklag

Skoðunarstofur og vottunarstofur gæðastjórnunarkerfa fagaðila skulu vera faggiltar skoðunarstofur eða vottunarstofur skv. ÍST EN ISO/IEC 17020 eða ÍST EN ISO 17021-1. Um faggildingu gilda lög nr. 24/2006 um faggildingu.

Skoðunarstofur og vottunarstofur gæðastjórnunarkerfa fagaðila skulu skoða gæðastjórnunarkerfi og meta samræmi þeirra við kröfur sem settar eru fram í verklagsreglu 9.007 um skoðun gæðastjórnunarkerfa hönnuða og hönnunarstjóra, byggingastjóra og iðnmeistara og samkvæmt kröfum í skoðunarhandbókum.

Skoðunarstofur gæðastjórnunarkerfa fagaðila skulu nota eftirfarandi skoðunarhandbækur, verklagsreglur, leiðbeiningar og skoðunareyðublöð/-skýrslur sem birtar eru á vef HMS við skjala- og virkniskoðanir:

- Skoðunarhandbækur nr: 9.001-1, 9.001-2, 9.001-3
- Verklagsreglu nr: 9.007
- Leiðbeiningar nr: 4.6.1, 4.8.1, 4.10.2, 9.046
- Skoðunareyðublöð/-skýrslur nr: 9.002, 9.003 og 9.004

## 2.4 Hæfi úttektarmanna skoðunarstofa og vottunarstofa

Úttektarmaður gæðastjórnunarkerfa er starfsmaður faggiltra skoðunarstofa eða vottunarstofa og sinnir skjala- og virkniskoðunum á gæðastjórnunarkerfum fagaðila.

Í samræmi við staðla ber úttektarmönnum gæðastjórnunarkerfa fagaðila að uppfylla kröfur um hæfi sem fram koma í stöðlumum ÍST EN ISO/IEC 17021-1 og ÍST EN ISO/IEC 17020.

Neðangreindur listi um hæfi úttektarmanna gæðastjórnunarkerfa byggir á ofangreindum stöðlum en er ekki tæmandi:

- Skoðunarstofur og vottunarstofur skulu hafa aðgang að tæknilegri þekkingu á sviði mannvirkjagerðar.
- Skoðunarstofur og vottunarstofur skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi ferli til að ákveða hæfniviðmið s.s. þekkingu á gæðastjórnunarkerfum og úttektum á því tæknisviði sem um ræðir.
- Skoðunarstofur og vottunarstofur skulu hafa yfir að ráða nægjanlega hæfu starfsfólki til þess að framkvæma úttektir á gæðastjórnunarkerfum fagaðila.
- Skoðunarstofur og vottunarstofur skulu hafa skráð ferli yfir val úttektarmanna, byggt á reynslu og þekkingu viðkomandi sem og þjálfun úttektarmanna.
- Skoðunarstofur og vottunarstofur skulu sannreyna að úttektarmenn gæðastjórnunarkerfa fagaðila hafi fullnægjandi þekkingu á úttektarferlinu, kröfum laga um mannvirki og byggingarreglugerðar, leiðbeiningum og verklagsreglum HMS og öðrum viðeigandi kröfum.
- Skoðunarstofur og vottunarstofur skulu útbúa og uppfæra reglulega þjálfunaráætlun og bjóða úttektarmönnum upp á viðeigandi þjálfun til að fullvissa sig um að úttektarmenn búi yfir nægjanlegri hæfni og þekkingu á sviði gæðastjórnunar í mannvirkjagerð.

## Tilvísanir

- Lög um mannvirki nr. 160/2010
- Lög um faggildingu nr. 24/2006
- ÍST EN ISO/IEC 17020:2012 Samræmismat - Almenn viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir
- ÍST EN ISO/IEC 17021-1:2015 Samræmismat – Kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa